

Yfirskrift	Fundargerð stjórnar FFR				
Stjórnarfundur nr. 7 2016	7	Dagsetning	20. október 2016	Tími	11:30 – 13:00
Fundarstaður	Ríkiskaup				
Fundarstjóri	BK				
Ritari	ISS				
Mættir (fjarverandi)	BK, KLÁ, ISS, HÓS, MH, EB, (BE, GSB)				
Fylgiskjöl					
Vistun gagna	ISS				

Fundargerð

1. Fundargerðir síðustu funda

Farið var yfir fundargerðir 4., 5. og 6. funda, og þær samþykktar.

2. Vefur FFR

HÓS sagði frá því að komin væru drög að nýjum vef. Helsti kostnaðarliðurinn var að færa eldri gögn á milli kerfa. Hann mun læra að setja inn gögn. Allir í stjórn þurfa að skoða nýja vefinn og koma með athugasemdir og hvort einhverju efni megi sleppa. Rætt var um hvort tenglar á efni erlendis frá gætu gagnast. Ákveðið var að setja 25-50 tíma aukalega í verkefnið. HÓS sendir tengil á nýja vefinn á stjórn.

3. Næstu morgunverðarfundir

Í undirbúningi er fundur þann 1. nóv. um áhrif laga nr. 123/2015 um opinber fjármál á stofnanir. Frummælendur verða frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Fjársýslu ríkisins. Rætt var um næstu morgunverðarfundir og m.a. fund um valdmörk ráðherra og ráðuneyta gagnvart stofnunum og hvað sjálfstæði stofnana þýði í raun. Einnig að skoða verði hvaða breytingar lög um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011 hafi haft í för með sér. Þá verður leitað eftir fundi um fjárlagafrumvarpið 2017 með nýjum fjármálaráðherra eftir kosningar.

4. Félagsfundur

Rætt var um að halda félagsfund í desember um stefnu félagsins í kjaramálum. Þar yrði fjallað um frumvarp um kjararáð, sem var ekki afgreitt á síðasta þingi sem var slitið 13. okt., en nauðsynlegt er að halda áfram umræðu um málið og kalla til sérfræðinga til að greina frumvarpið og hvað það hefur í för með sér enn betur. Þá var einnig rætt hvort möguleiki væri á að fá forstöðumann frá Noregi sem þekki kerfið vel. BK og KLÁ kanna hjá systurfélögum á Norðurlöndum.

5. Kaup á sérfræðiþjónustu vegna kjaramála

Formaður reifaði hugmyndir um kaup á sérfræðiþjónustu vegna kjaramála og hyggst sækja aftur um í starfsmenntunarsjóð embættismanna.

6. Fundur með kjara- og mannauðssýslu

Rætt var um að halda samráðsfund stjórnar með kjara- og mannauðssýslu við tækifæri.

7. Næsti fundur

Næsti fundur er fyrirhugaður 10. nóvember í Þjóðarbókhöðunni. Jólakvöldverður verður haldinn 2. desember. BK býður öðrum en stjórn til kvöldverðarins.

Verkefni sem leiða af fundinum

Verkefni	Úthlutað til Ábyrgð/pátttaka	Ljúka fyrir
Senda tengil á nýjan vef til stjórnar	HÓS	Sem fyrst
Fá morgunverðarfund með nýjum fjármálaráðherra	BK	15.11.2016
Kanna hvort hægt sé að fá sérfræðing frá Noregi á fund	BK og KLÁ	Sem fyrst
Umsókn í starfsmenntunarsjóð embættismanna	BK	
Samráðsfundur með kjara- og mannauðssýslu	BK	
Þjóða til jólakvöldverðar 2. desember	BK	